

AUGLÝSING

um að lög nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, skuli taka til Hríseyjarhrepps í Eyjafjarðarsýslu.

Samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 29/1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið, að lög um atvinnuleysistryggingar skuli taka til Hríseyjarhrepps í Eyjafjarðarsýslu.

Félagsmálaráðuneytið, 13. apríl 1962.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 36.

27. apríl.

REGLUGERÐ

um löggæzlu á almennum skemmtisamkomum í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

1. gr.

Almennar samkomur má ekki halda á samkomustöðum í Vestur-Ísafjarðarsýslu (sveitum eða kaupúnum), nema að fengnu leyfi sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu eða umboðsmanna hans (hreppstjóra). Skal hann jafnframt ákveða, hvort löggæzla skuli vera á skemmtisamkomunni. Forstöðumenn slíkra skemmtisamkvæma skulu sækja um leyfi til skemmtanahalds eigi síðar en 4 dögum áður en halda á skemmtunina.

2. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum sýslumanns, löggilt einstaka löggæzlumenn, er skulu hafa eftirlit með skemmtunum, hver á sinu löggæzlusvæði.

En löggæzlusvæðin eru þessi:

1. Suðureyrarhreppur,
2. Flateyrarhreppur og Mosvallahreppur,
3. Mýra-, Þingeyrar- og Auðkúluhreppur.

Löggæzlumenn skulu, er þeir hafa fengið tilkynningu frá sýslumanni, um að skemmtun með löggæzlu hafi verið leyfð á þeirra löggæzlusvæði, mæta á skemmtistaðnum, er skemmtun á að hefjast og dvelja þar þangað til henni er lokið og mega þeir eigi fara af staðnum fyrr en húsum þeim, er skemmtun var haldin í, hefur verið lokað. Ef löggæzlumaður hefur forföll, svo að hann eigi getur mætt á skemmtun, er honum heimilt að fá annan til að annast löggæzlustarfið.

Löggæzlumanni til aðstoðar á hverju löggæzlusvæði skulu vera tveir löggiltir menn, og getur hann kvatt þá til að mæta sér til aðstoðar, er hann telur þess þörf. Þeir einir geta verið löggæzlumenn, hvort heldur aðalmenn eða aðstoðarmenn, er fengið hafa fræðslu og þjálfun til starfsins.

3. gr.

Löggæzlumenn skulu halda uppi reglu á skemmtunum, er þeir hafa eftirlit með og er þeim heimilt að flytja burt af skemmtistaðnum þá menn, er óspektum valda.

Auk aðstoðarmanna sinna hinna löggiltu, geta þeir kvatt sér til aðstoðar við að halda uppi reglu, forstöðumann skemmtunarinnar og þjónustumenn hans og aðra borgara.

Ef löggæzlumanni virðist ölvun á dansskemmtun ætli að verða lítt þolandi, er honum heimilt að slíta samkomunni, og er þá öllum samkomugestum skylt að fara út úr húsum þeim, sem skemmtunin er haldin í, og skal þeim húsum lokað. Leiki rökstuddur grunur á, að áfengi sé selt úr bifreiðum á staðnum eða á annan hátt, eða í nánd við staðinn, er löggæzlumanni og aðstoðarmönnum hans heimilt að leita áfengis í bifreiðum þeim, og rannsaka svo sem nauðsyn krefur.

Að lokinni skemmtun skal löggæzlumaður, ef hann telur sig sakir ölæðis manna eigi hafa getað haldið uppi fullkominni reglu á skemmtuninni, gefa sýslumanni skriflega skýrslu um starf sitt. Skal hann tilgreina nöfn þeirra manna, er verið hafa ölvaðir á skemmtuninni, og sem eigi hafa hlýtt fyrir mælum hans. Skal hann lýsa ölvun þeirra, tilsvörum, háreisti og handalögmálum, er kunna að hafa orðið.

4. gr.

Sýslumaður gefur út erindisbréf handa löggæzlumönnum. Skulu þar settar reglur um, hvernig þeir skuli haga störfum sínum. Löggæzlumönnum öllum skal láta ókeypis í té einkennisbúninga og einkennishúfur.

Séu gerð spjöll á einkafatnaði löggæzlumanna eða aðstoðarmanna þeirra, er þeir sinna lögreglustörfum, skal ríkissjóður bæta þann skaða, ef hann eigi fæst bættur á annan hátt. Ríkissjóður annist slysatryggingu allra þessara löggæzlumanna.

5. gr.

Löggæzlumönnum skal greiða þóknun fyrir starf þeirra, kr. 400.00 fyrir skemmtun hverja, er þeir hafa eftirlit með. Aðstoðarmönnum þeirra skal greiða kr. 300.00 fyrir hverja skemmtun. Þeim skal öllum greiddur ferðakostnaður að og frá skemmti- stað, eftir samkomulagi eða eftir reikningi.

6. gr.

Sýslumaður skal ár hvert á tímabilinu frá 15. júní til 15. ágúst kalla forstöðumenn samkomustaða Vestur-Ísafjarðarsýslu saman á fund.

Á fundi þeim skal rætt um, á hvern hátt þess verði bezt gætt, að skemmtanir þær, er haldnar verða í héraðinu á því ári, fari sómasamlega fram. Á fundi þessum skulu og löggæzlumenn mæta.

7. gr.

Ef fundarmenn á fundi þeim, er greinir frá í 6. gr., verða sammála um, að nauðsyn beri til að setja reglur um útilokun þeirra manna, er sannir hafa orðið að sök að valda spjöllum á samkomum, frá því að sækja dansskemmtanir í héraðinu, skulu forstöðumenn samkomustaða, þeir er fundinn sækja, tilnefna tvo úr sínum hópi með fullu umboði, er ákveða skulu með sýslumanni, hverjum þeirra manna, er löggæzlumenn hafa í skýrslum sínum tilgreint að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtunum, skuli bannaður aðgangur að dansskemmtunum innan héraðs, og um hve langan tíma.

8. gr.

Þá skal sýslumaður, er honum hefur borizt skýrsla löggæzlumanns samkvæmt 3. gr., kveðja þá tvo menn úr hópi forstöðumanna samkomustaða, er um ræðir í 5. gr., á fund, og skal hann þá ásamt þeim, eftir að þeir hafa kynnt sér skýrslu eftirlitsmanna og skýrslur fyrir sakadómi, ef fyrir hendi eru, ákveða, hvort mönnum þeim, er löggæzlumaður telur, að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtun, skuli bannaður aðgangur að dansskemmtunum innan héraðsins, og um hve langan tíma bannið skuli gilda. Bann nefndarinnar skal tilkynnt skriflega öllum forstöðumönnum samkomu-

staða í héraðinu, löggæzlumönnum öllum, svo og manni þeim, er banninu er beint gegn.

Á meðan bannið gildir, ber forstöðumönnum samkomustaða og þjónustuliði þeirra að vera samhent löggæzlumönnum um það, að synja þeim mönnum, sem banni er beint gegn, um aðgang að skemmtunum þeim, sem haldnar eru, og það jafnt þótt þeir séu eigi undir áhrifum áfengis, er þeir æskja aðgangs.

9. gr.

Kostnaður sá, er leiðir af framkvæmd reglugerðar þessarar, greiðist að $\frac{3}{4}$ úr ríkissjóði, en $\frac{1}{4}$ úr sýslusjóði, að því er laun aðallöggæzlumanna snertir. En laun aðstoðarmanna greiði aðili sá, er skemmtun heldur, að hálfu, en ríkissjóður að hálfu. Ríkissjóður kostar að öllu leyti einkennisbúninga löggæzlumanna, einkennis-húfur og merki, svo og fræðslu löggæzlumanna og aðstoðarmanna þeirra. Þá einnig ferðakostnað allan samkvæmt 5. gr.

Haldi utanhéraðsmaður eða félag dansskemmtun á samkomustað innan héraðs, getur sýslumaður krafizt þess, að sá aðili greiði hluta sýslusjóðs af kostnaði við eftirlitið með skemmtuninni. Og getur sýslumaður sett það sem skilyrði fyrir skemmtanaleyfi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 11. gr. laga nr. 50 1940, um lögreglumenn, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. apríl 1962.

Bjarni Benediktsson.

Baldur Möller.

REGLUGERÐ

**um löggæzlu á almennum skemmtisamkomum í nokkrum hreppum
Norður-Ísafjarðarsýslu.**

1. gr.

Almennar samkomur má ekki halda á samkomustöðum í þeim hreppum, er að neðan greinir, nema að fengnu leyfi sýslumanns eða hreppstjóra. Skal hann jafnframt ákveða, hvort löggæzla skuli vera á skemmtisamkomunni. Forstöðumenn slíkra skemmtisamkvæma skulu sækja um leyfi til skemmtanahalds eigi síðar en 4 dögum áður en halda skal.

2. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum sýslumanns, löggilt einstaka löggæzlumenn, er skulu hafa eftirlit með skemmtunum, hver á sínu löggæzluvæði.

En löggæzluvæðin eru þessi:

1. Hólshreppur,
2. Eyrarhreppur,
3. Súðavíkurhreppur,
4. Reykjafjarðarhreppur,
5. Nauteyrarhreppur.

Löggæzlumenn skulu, er þeir hafa fengið tilkynningu frá sýslumanni eða hreppstjóra um að skemmtun með löggæzlu hafi verið leyfð á þeirra löggæzluvæði,